

Miðvikudaginn 26. mars. 1975.

Nr. 179/1973. **Landflutningar h/f**

(Tómas Gunnarsson hdl.)

gegn

Osta- og smjörsölunni s/f

(Grétar Haraldsson hdl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ.
Torfason.**

Farmflutningar. Fylgibréf. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1972, en útivistardómur gekk í því 3. desember 1973. Áfrýjandi áfrýjaði þá málinu að nýju með stefnu 10. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þeirra á meðal afrit bréfs stefnda til áfrýjanda 17. janúar 1968. Krefur stefndi áfrýjanda í því bréfi um greiðslu á kr. 69.887.04 vegna vörusendinga þeirra, sem um er fjallað í málinu og áfrýjandi hafði afhent án framvísunar frumrits fylgi-bréfa.

Áfrýjandi veitti viðtöku til flutnings varningi þeim, sem í málinu greinir. Hefur hann ekki vefengt, að hann sé réttur aðili málsins, þó að annar nafngreindur aðili annaðist flutning vörusendinganna frá Reykjavík til Seyðisfjarðar.

Telja verður, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, að samkomulag hafi verið með málsaðiljum um það, að flytjandi afhenti ekki vörurnar í hendur viðtakanda, Kaupfélagi Austfjarða, nema gegn framvísun frumritsins. Var þetta til

þess gert, að stefndi gæti fengið kaupverð þeirra greitt með því að senda viðtakanda fylgibréfin ásamt vörureikningum gegn póströfu.

Áfrýjandi heldur því fram í máli þessu, að umrætt samkomulag hafi verið óskuldbindandi fyrir sig, með því að í fyrri viðskiptum aðilja hafi vörur, sem stefndi sendi Kaupfélagi Austfjarða, verið fengnar viðtakanda í hendur, án þess að póströfur væru greiddar og frumritum fylgibréfa framvísað. Um þetta hafi áfrýjanda hins vegar verið ókunnugt. Staðhæfingar áfrýjanda um vitneskju stefnda um þetta attriði eru ósannaðar. Hefur áfrýjandi ekki hnekkst því, að áðurgreint samkomulag hafi verið skuldbindandi fyrir sig. Afhending varanna til viðtakanda, án þess að frumritum fylgibréfanna væri framvísað, var brot á greindu samkomulagi og varðar áfrýjanda skaðabótum til stefnda fyrir tjón, sem af hlaut fyrir hann.

Þá reisir áfrýjandi kröfu sína um sýknu á því, að stefndi hafi ekki lagt fram frumrit fylgibréfanna með áritaðri kvittun áfrýjanda. Meðan svo standi, sé honum óskýlt að greiða stefnda skaðabætur vegna afhendingar varanna.

Ekki er glöggst, hvernig fylgibréfin voru úr garði gerð. Vörusendingarnar voru afhentar þeim, sem við þeim átti að taka, meðan fylgibréfin voru í vörslum póstsins, að því er telja verður. Samkvæmt þessu og eins og atvikum er háttað að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á, að það geti leitt til réttarspjalla fyrir áfrýjanda, þótt hann bæti stefnda tjón hans, án þess að stefndi framvísi fylgibréfunum, sem hann segir glötuð.

Enn hefur áfrýjandi stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að stefndi hafi fyrir tómlæti glatað bótarétti, sem hann ella kunni að hafa átt.

Póströfurnar voru endursendar stefnda óinnleystar 8. janúar 1968. Áður er getið kröfubréfs hans til áfrýjanda, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt og dagsett er 17. s. m. Bréf þetta telur áfrýjandi sig að vísu ekki hafa fengið, en hann hafði um þær mundir flutt starfsstöð sína á nýjan stað. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms um þetta atriði ber að staðfesta úrlausn hans um þessa sýknuástæðu áfrýjanda.

Loks hefur áfrýjandi andmælt fjárhæð bótakröfu stefnda. Agreiningslaust er, að verðmæti varanna var rétt tilgreint í vörureikningunum. Ber með vísun til forsendna héraðsdóms, að staðfesta úrlausn hans um fjárhæð bótakröfu stefnda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur, þó þannig, að vextir verða ekki gegn andmælum áfrýjanda dæmdir frá fyrri tíma en 26. ágúst 1969.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 26. ágúst 1969 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Landflutningar h/f, greiði stefnda, Osta- og smjörslunni s/f, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1972.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 28. ágúst 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 15. september 1971, en það var endurupptekið 1. nóvember s. á. til frekari gagnaöflunar. Síðan fór endurflutningur fram 6. mars sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Osta- og smjörslan s/f, Snorrabraut 54, Reykjavík, en stefndi er fyrirtækið Landflutningar h/f við Héðinsgötu, Reykjavík.

Stefnandi gerði upphaflega þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu fjárhæðar að upphæð kr. 69.887.04, en undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað dómkröfur sínar í kr. 64.533.04. Krefst hann þessarar síðargreindu fjárhæðar með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. október 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í stefnu segir um málavexti, að á árinu 1967 hafi stefnandi sent vörur til Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði með bifreiðum stefnda. Hafi þessar vörur verið sendar með póströfu, en kaupfélagið hafi þó fengið vörur þessar afhentar hjá stefnda án greiðslu. Hafi verið um að ræða fimm sendingar, sem farið hafi í ágúst 1967 til kaupfélagsins, að verðmæti samtals kr. 69.887.04. Kaupfélag Austfjarða hafi hins vegar orðið gjaldþrota, en stefnandi telur stefnda ábyrgan fyrir því, að andvirði sendinganna hafi eigi fengist greitt nema að litlu leyti.

Af öðrum gögnum málsins má sjá, að stefnandi máls þessa og Kaupfélag Austfjarða á Seyðisfirði höfðu átt viðskipti saman um nokkurra ára skeið. Meðal annars keypti kaupfélagið af stefnanda smjör og osta, og fjallar mál þetta einmitt um slíkar vöru- tegundir. Er fram í sótti, virðist hafa orðið greiðslutregða hjá kaupfélaginu um greiðslu andvirðis einstakra sendinga. Af framburðum fyrirsvarsmanna stefnanda hér fyrir dómi má ráða, að stefnandi hafi af þessu tilefni ákveðið að setja kaupfélagið undir svonefnda póströfumeðferð, sem í þessu tilviki átti að vera fölg- in í afhendingu varanna einungis gegn staðgreiðslu þeirra með póströfu.

Stefnandi samdi við ýmis flutningafyrirtæki um flutning ein- stakra sendinga til kaupfélagsins. Eitt af þeim var stefndi í máli þessu. Samkvæmt gögnum málsins virðist stefndi ekki sjálfur hafa flutt vöruna alla leið, heldur falið framflutning hennar í hendur öðrum aðilja, Jóni Pálssyni, Teigabóli, Norður-Múlasýslu, en umboðsmaður Jóns á Seyðisfirði og sá aðili, sem sá um af- hendingu sendinga þar á staðnum á árinu 1967, var einmitt Kaup- félag Austfjarða.

Framburður fjögurra starfsmanna kaupfélagsins fyrir saka- dómi Seyðisfjarðar hnígur í þá átt, að umræddar vörur hafi verið afhentar kaupfélaginu, án þess að greitt væri samtímis fyrir vör- urnar, enda er ekki um það deilt í málinu. Er jafnvel svo að sjá af framburðum flestra þessara vitna, að það hafi a. m. k. oft verið tíðkað að taka vörur beint af vöruflutningabifreiðum og í verslun

kaupfélagsins, án þess að hugað væri að því, hvort þær hefðu verið sendar gegn póströfu eða á annan hátt.

Gögn málsins sýna, að kaupfélagið dró oft að greiða andvirði sendinga á árinu 1966, enda þótt stefnandi hefði þá þegar tekið upp póströfumeðferð gagnvart kaupfélaginu, stundum í meira en hálft ár frá dagsetningu reiknings yfir vöruna.

Kaupfélag Austfjarða virðist alls ekki hafa innleyst póströfur yfir vörur frá stefnanda, sem sendar voru til kaupfélagsins 14. október 1966 og síðar á því ári, því að póstaftgreiðslan á Seyðisfirði sýnist hafa endursent póströfur frá þessu tímabili í einni sendingu þann 7. febrúar 1967. Síðan verður ekki séð, að póströfur hafi verið endursendar fyrr en 8. janúar 1968, en þær póströfur tóku til nokkurra vörusendinga stefnanda til Kaupfélags Austfjarða í ágúst, september og október 1967.

Með úrskurði skiptadóms Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðar-kaupstaðar, uppkveðnum 8. mars 1968, var bú kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, tekið til skipta sem gjaldþrota.

Af framburðum fyrirsvarsmanna stefnanda hér fyrir dómi og öðrum gögnum málsins má ráða, að sendingar þær, sem sendar voru til kaupfélagsins í ágúst, september og október 1967 samkvæmt framansögðu, hafi ekki verið greiddar af kaupfélaginu. Ríkisskip og Vöruflutningamiðstöðin tóku að sér flutning sumra af sendingum þessum og greiddu stefnanda andvirði þeirra, þar eð kaupfélagið stóð ekki í skilum. Stefndi hefur hins vegar ekki fallist á að greiða stefnanda andvirði þeirra sendinga, sem hann flutti fyrir stefnanda til kaupfélagsins, en sendingar þessar voru fimm, allar dagsettar í ágúst 1967.

Eins og áður segir, hafa þrír starfsmenn kaupfélagsins látið að því liggja fyrir dómi, að oft hafi verið tíðkað í kaupfélaginu að taka vörur til sölumeðferðar af afgreiðslunni og leysa póströfuna síðar. Í framburði Birgis Hallvarðssonar, fyrrverandi kaupfélagsstjóra, fyrir dómi kveðst hann ekki sérstaklega hafa hugsað um, hvort réttmætt væri að hefja sölu á vörum, sem komu gegn póströfu, áður en kröfurnar væru greiddar. Hins vegar hafi verið venja, áður en hann tók við kaupfélagsstjórninni, að taka vörur beint í verslunina til sölumeðferðar, sem komu með vöruflutningabifreiðum. Síðan hafi verið hugað að því, hvort þær væru sendar gegn póströfu eða á annan hátt. Kveðst hann hafa haldið þessari venju áfram og hafi honum verið kunnugt um, að vörur hafi verið seldar ógreiddar í sumum tilvikum. Sérstaklega tók hann fram, að oft hefði orðið dráttur á greiðslu póstkrafna

frá stefnanda, jafnvel búið að panta fimm sendingar, áður en farið hafi verið að greiða þá elstu. Hann taldi, að Osta- og smjör-sölunni s/f hafi verið um þetta kunnugt, en afgreitt til kaupfélagsins áfram eigi að síður. T. d. hafi það komið fyrir í ársbyrjun 1967, að póströfubréf hafi verið endursent til stefnanda frá pósthúsinu á Seyðisfirði, en stefnandi, sem hafi vitað, að varan var þegar seld, hafi samið við kaupfélagið um greiðslu á skuldinni í áföngum og áframhaldandi viðskipti. Þó kvaðst vitnið ekki hafa samið við stefnanda um, að greiðsla á póströfusendingum frá stefnanda færi fram án milligöngu pósthúss. Vitnið kvaðst heldur aldrei hafa farið fram á það við stefnanda að mega taka ógreiddar vörur frá honum til sölumeðferðar. Á hinn bóginn taldi hann, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hlyti að hafa verið ljóst, að þetta væri gert, vegna þess að þeir hafi haldið áfram að senda kaupfélaginu vörur með póströfum, þótt margar eldri póströfur væru ógreiddar.

Framkvæmdastjóri stefnanda á því tímabili, sem hér skiptir máli, er látinn, og hefur hann eigi gefið skýrslu í málinu. Í framburði núverandi framkvæmdastjóra, Óskars Gunnarssonar, hér fyrir dómi kvaðst hann reikna með því, að Kaupfélag Austfjarða hafi verið sett undir póströfumeðferð vegna fjárhagsörðugleika kaupfélagsins. Hann kvaðst ekki þekkja til þess, að viðskiptavinir séu látnir fá póströfuvörur, án þess að greitt sé, þannig að fyrirsvarsmönnum stefnanda sé um það kunnugt. Á hinn bóginn benti hann á, að úti á landi sums staðar sé kunningsskapur manna með þeim hætti, að flutningsmaður kunni að afhenda vörur án þess að ganga úr skugga um, að þær séu greiddar, eða án þess að krefjast framvísunar fylgibréfs. Framkvæmdastjórinn tók svo fram, að slíkt væri gert í andstöðu við vilja stefnanda. Hann sagði, að eftir að tiltekinn tími, mismunandi langur eftir atvikum, væri liðinn, frá því að vara væri send með póströfu, væri visst formblað útfyllt og sent í viðkomandi pósthús. Væri þá spurst fyrir um þá póströfu, sem um væri rætt. Þegar viðkomandi pósthús teldi öll tormerki á að innheimta póströfuna, væri hún endursend til stefnanda. Þegar svo sé komið, snúi stefnandi sér beint til flutningafyrirtækis og sé flutningsmaður krafinn skila, en jafnframt skorað á kaupandann að gera viðkomandi röfu upp. Framkvæmdastjórinn sagði, að stefnandi leitaðist við að fylgja þeim reglum um tímamörk póstkrafna, sem kveðið væri á um í reglugerð. Hann vildi þó ekki neita því, að endursending gæti dregist fram yfir þann frest. Stafi það af því, að pósthúsið geymi

kröfuna lengi í þeirri von, að hún verði greidd. Enn fremur verði stefnandi að senda ákveðin eyðublöð til þess að krefja pósthús um endursendingu póströfu og geti það tekið allt upp í hálfan mánuð, þar til slíku bréfi sé sinnt. Hann benti enn fremur á, að jafnvel þótt viðskiptavinir hefðu þegar greitt í pósthús, geti engu að síður liðið nokkur tími, þar til greiðsla berist til stefnanda. Geti þetta meðal annars stafað af samgönguerfiðleikum og upp-gjörsvenjum í viðkomandi pósthúsi.

Sigfús Gunnarsson, skrifstofustjóri stefnanda, segir í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að Kaupfélag Austfjarða hafi lent í van-skilum við stefnanda og því verið sett undir póströfumeðferð. Hann kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi samþykkt, að vara, sem send væri í póströfu, væri afhent, án þess að póstkrafan væri samtímis greidd. Kvaðst hann ekki þekkja dæmi slíks, en benti á, að stefnandi kynni að freistast til að álykta í sumum tilvikum, að vara væri afhent, án þess að póstkrafan væri jafnframt greidd um leið. Ætti þetta einkum við í þeim tilvikum, þar sem vörukaupandi væri jafnframt umboðsmaður fyrir flutningsaðilja. Skrifstofustjórinn sagði það taka að meðaltali ca 1½ mánuð að fá greiðslu fyrir vörur, sem sendar væru í póströfu, talið frá þeim tíma, sem varan væri send. Ýmis frávik væru þó frá þessu. Hann kvað það rétt vera, að stefnendur gerðu fyrir-spurn til viðkomandi pósthúss, ef greiðsla hefði ekki borist innan sennilegs tíma. Venjulega væri gerð fyrirspurn að tveim mánuð-um liðnum, frá því að varan væri send. Væri þá útfyllt viss form-blöð, sem póst- og símamálastjórnin láti útbúa í því skyni.

Helgi Stefánsson, sölustjóri hjá stefnanda, segir í framburði sínum, að Kaupfélag Austfjarða hafi verið sett undir sérstaka póströfumeðferð vegna vanskila. Kveðst hann ekki vita til þess, að slakað væri á þeirri póströfumeðferð, eftir að hún var upp tekin. Hann kvaðst hafa fengið fyrirmæli, tímabundin þó, um að stöðva afgreiðslur til Kaupfélags Austfjarða vegna skulda kaupfélagsins og greiðslutregðu. Í slíkum tilvikum, og að minnsta kosti framan af, hafi kaupfélagið þá greitt einhverja fjárhæð, þannig að stefnandi afgreiddi þá vöru að nýju til kaupfélagsins.

3.0.

3.1. Dómkröfur sínar á hendur stefnda reisir stefnandi á því, að stefndi hafi tekið að sér gagnvart stefnanda að flytja umræddar vörur til Kaupfélags Austfjarða. Jafnframt hafi hann undirgengist þá skyldu, að afhenda vörurnar aðeins til kaupfélagsins gegn

framvísun vissra fylgibréfa, er fylgdu bréfaþóströfu. Þessa skyldu hafi stefndi brotið, þ. e. menn, sem stefndi beri ábyrgð á, hafi afhent hinar umdeildu sendingar án þess að huga að ofanrituðu.

Umræddar vörur hafi verið að verðmæti kr. 69.887.04, og kveðst stefnandi hafa lýst þeirri kröfu í þrotabú Kaupfélags Austfjarða. Samkvæmt úthlutunargerð í þrotabú kaupfélagsins hafi komið kr. 5.354 upp í umrædda kröfu og nemi því tjón stefnanda, sem hann telur stefnda bera ábyrgð á, stefnufjárhæðinni.

3.2. Í vörn bendir stefndi á, að kaupfélagið muni hafa tekið vörur úr afgreiðslu sinni, áður en greiðsla póstkrafna fyrir það hafi átt sér stað, og sett þær til sölumeðferðar í verslunum sínum. Póströfugögnin munu því hafa verið endursend án greiðslu, þar eð kaupfélagið hafi ekki greitt á venjulegum tíma. Að póströfugögnum endursendum hafi stefnandi síðan samið við Kaupfélag Austfjarða um greiðslu fyrir þær vörur, sem sendar höfðu verið í póströfu. Þrátt fyrir þetta hafi verið haldið áfram að senda vörur í póströfu, þótt þær fengjust ekki greiddar gegn póströfunum. Stefnda hefur hins vegar ekki verið kunnugt um annað en að póströfumeðferð varanna væri eðlileg. Telur stefndi, að stefnanda hafi borið skylda til, strax og hann varð var við, að vörur væru afhentar, án þess að póstkrafa væri greidd, að beina kröfum sínum að stefnda til greiðslu bóta fyrir tjón, sem hann hefði orðið fyrir. Ef það hefði verið gert, mætti gera ráð fyrir, að stefndi hefði neitað að taka vörur til póströfuflutnings til Kaupfélags Austfjarða og því ekki komið til þess tjóns, sem hér um ræðir.

Í annan stað bendir stefndi á, að tvær síðustu sendingarnar, sem mál þetta fjallar um, séu sendar 25 og 26 dögum síðar en sú fyrsta. Geymslutími póstkrafna sé 14 dagar samkvæmt póstreglum og þar sem greiðsla hafði ekki borist fljótlega eftir þann tíma eða fyrr, hafi mátt gera ráð fyrir, að fyrsta póstkrafan hefði ekki verið innleyst með eðlilegum hætti. Hafi því stefnanda borið að gæta sérstakrar varúðar við frekari sendingu vara í póströfu til Kaupfélags Austfjarða.

Í þriðja lagi bendir stefndi á, að stefnda beri ekki í tilviki sem þessu að standa skil á hugsanlegu andvirði varanna, heldur skila vörunum. Söluvörur stefnanda hafi verið mjög viðkvæmar fyrir skemmdum og liggi ekkert fyrir um, að vörurnar hefðu verið í sama verðgildi, ef þær hefðu komið aftur eftir nokkurra vikna geymslumeðferð og flutninga. Telur stefndi tvímælalaust, að ekki eigi að greiða hærri bætur til stefnanda en sem samsvarar því

tjóni, sem af því kann að hafa hlotist, að hann, þ. e. stefnandi, hafi ekki fengið afhentar hinar endursendu vörur aftur.

Þá hefur stefndi mótmælt dómkröfunum, þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram frumrit kröfubréfs, sem hann telji sig væntanlega hafa sent í póstkröfu og fengið endursent, ef póstkröfurnar hefðu ekki verið greiddar. Loks bendir stefndi á, að um tvö ár hafi liðið, frá því að vörurnar voru sendar og þar til stefndi var krafinn. Með slíkum drætti telur stefndi, að stefnandi hafi firrt sig bótarétti samkvæmt ákvæðum kaupalaga. Þá hefur stefndi mótmælt vaxtafæti, sem hann telur, að eigi að vera 7% á ári, og upphafstíma vaxta, sem stefndi telur, að eigi að vera birtingardagur stefnu í málinu.

4.0.

4.1. Samkvæmt gögnum og málflutningi aðilja tók stefndi að sér að flytja þær fimm vörusendingar, sem mál þetta fjallar um, til viðtakanda varanna, Kaupfélags Austfjarða. Verður að telja samkomulag hafa orðið um, að hverja einstaka sendingu skyldi aðeins afhenda gegn framvísun svonefnds frumrits af vörufylgi-bréfi, er afhenda átti við greiðslu bréfaþóströfu á pósthúsi viðtökustaðarins, enda er eigi um það deilt í málinu.

Stefndi fól öðrum aðilja framflutning sendinganna, en eftir sem áður bar stefndi ábyrgð á efndum flutningssamningsins.

Það er nægjanlega upplýst í málinu, að kaupfélagið fékk hinar umdeildu sendingar afhentar án þess að sýna heimildarskjöl samkvæmt framansögðu. Hefur sú afhending ekki verið réttlætt. Kaupfélagið varð gjaldþrota 8. mars 1968, og fékk stefnandi eigi aðrar greiðslur upp í andvirði sendinganna en kr. 5.354 við úthlutunargerð í þrotabúinu. Tjón stefnanda af þessum sökum nam fjárhæð stefnukröfunnar, og ber stefndi ábyrgð á þessu tjóni, eins og að framan er ritað. Hefur stefndi eigi fært nein rök að því, að tjón þetta hefði orðið með öðrum hætti eða hefði orðið minna en hér segir. Þá verður ekki talið, að viðskipti stefnanda og kaupfélagsins varðandi fyrri sendingar eða hinar umdeildu sendingar hafi firrt stefnanda þessum bótarétti, og eigi verður heldur fallist á það, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu eða aðgerðarleysi.

Ber því að taka stefnukröfuna til greina með vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 12. október 1967 til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni og Hrafni Bragasynti lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Landflutningar h/f, greiði stefnanda, Ost- og smjörölunni s/f, kr. 64.533 með 7% ársvöxtum frá 12. október 1967 til greiðsludags og kr. 14.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. apríl 1975.

Nr. 12/1975. Ingi B. Ársælsson
 gegn
 Dagbjörtu Kristjánsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Ingi B. Ársælsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. apríl 1975.

Nr. 28/1975. Kyndill h/f, Keflavík,
 gegn
 Bárði Jóhannessyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Kyndill h/f, Keflavík, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.